

**VOGABYGGÐ**  
*...aftur til sjávar*

35412



*“ Þegar við lítum út um gluggann, horfum við yfir hafið og fjöllin allt í kring. Þetta er eins og fegursta málverk. Við getum horft á sólina koma upp á morgnana á stofusvölunum yfir kaffibolla og við njótum hlýrrar kvöldsólar á herbergissvölunum. ”*



## VOGAHVERFIÐ Í DAG

Sá hluti Vogahverfisins, sem, samkeppnin snýst um er gamalgróið iðnaðarhverfi austan við Sæbrautina, sem í raun sker það frá meginhluta hverfisins og skapar ákveðna samgönguhindrun. Það einkennist að meginhluta til af stórum byggingum og opnum bæjarrýmum og myndar, ásamt Sæbrautinni, skil á milli gamalgróins íbúðahverfis og sjávarsíðunnar.

Norðan við samkeppnissvæðið er Sundahöfnin, með allri þeirri atvinnustarfsemi sem henni fylgir og hindrun milli sjávar og íbúðarbyggðar. Þar eru stórar skemmur og og almennt ómannlegur kvarði í rýminu á milli bygginganna. Innan samkeppnissvæðisins er hins vegar minni húseiningar og sjamerandi smábátahöfn, Snarfarahöfnin, sem fyllist af skútum og skemmtibátumá sumrin og þar er nú þegar félagsstarfssemi sportbátæigenda í Reykjavík.

Svæðið er einstaklega vel staðsett í borginni. Snýr í suðlæga átt og hefur útsýni yfir ósa Elliðaáanna, hafið og fjöllin í kring. Þaðan er stutt í allar helstu umferðaræðar borgarinnar og greiður aðgangur að útivistarsvæðunum við Elliðaárósa. Þar hafa verið byggðar nýjar hjólabrýr og lagðir stígar sem auðvelt er að tengja nýja stíga við. Þannig skapast órofin tenging við stígakerfi borgarinnar. Með grænu svæðum Reykjavíkur mynda þau saman umferðaræð gangandi og hjólandi vegfarenda milli mismunandi hverfa borgarinnar þar sem nýja Vogahverfið getur gengt lykilhlutverki sem áfangastaður.

Innan svæðisins eru ákveðnar byggingar sem nýta mætti áfram í nýju skipulagi. Þær segja sögu hverfisins, setja svip sinn á staðinn og skapa staðaranda. Þar má t.d. finna gamla bragga fá seinni heimsstyrjöldinni, fjölbreyttar húsalengjur og verkstæðisbil sem mörg hver hýsa sérstakar einsögur.



## STEFNUR

Verkefnið fjallar um umbreytingu iðnaðarhverfis í íbúða-og atvinnu-hverfi og hvernig fortíð og nútíð fléttast saman í heilsteypa nútímalega borgarmynd, sem endurspeglar borgarmenningu samtímans og samrýmist skipulagsstefnu Borgarinnar.

Markmiðið er að tengja Vogahverfið aftur við sjávarsíðuna og skapa þétta og lifandi byggð þar sem ímynd og saga hverfisins, sem iðnaðarsvæðis, er varðveitt. Þar verður lögð áhersla á umhverfissvænan ferðamáta og græn svæði/tengingar sem stuðla að heilbrigðu líferni, bæði andlegu og líkamlegu.

Við viljum vekja athygli á smábátahöfninni og þeirri náttúruperlu sem er að skapast á landfyllingunum. Áhersla er lögð á sterka tengingu við smábátahöfnina sem almenningsrými og á Háubakka og mikilvægi þeirra í jarðsögulegu tilliti.

Í tillögugerðinni vinnum við með 4 stefnur:

1. Byggðarstefnu - skipulag bygginga
2. Græna stefnu - garðar og útivistarsvæði
3. Bláa stefnu - svæðin við vatnið og meðferð regnvatns
4. Gráa stefnu - vegir, stígar og aðrar tengingar


|                                          |                              |     |
|------------------------------------------|------------------------------|-----|
| Íbúðir                                   | 87.500 m <sup>2</sup>        | 52% |
| Atvinnuhúsnæði                           | 64.000 m <sup>2</sup>        | 38% |
| Þjónusta                                 | 15.000 m <sup>2</sup>        | 10% |
| <b>Samtals</b>                           | <b>166.500 m<sup>2</sup></b> |     |
| Nýtingarhlutfall 1.23 (án bílakjallara)  |                              |     |
| Nýtingarhlutfall 1.42 (með bílakjallara) |                              |     |
| 620 bílastæði á yfirborði.               |                              |     |
| Umframpörf mætt með bílakjöllurum        |                              |     |
| 900 íbúðir                               |                              |     |
| ca. 60 íbúðir á ha.                      |                              |     |



- Atvinna
- Íbúðir
- Blönduð byggð
- Þjónusta



- Nýtanlegar byggingar



■ Höfnin mjög sýnileg innan hverfisins

Megináherslan við skipulag bygginganna er að opna höfnina og veita sem flestum íbúðum gott útsýni og aðgengi að grænum útivistarsvæðum. Hérna mun rísa hæfilega þétt, blönduð byggð við sjávarsíðuna í sterkum tengslum við miðborgina. Byggingarnar við fjörukambinn eru þannig staðsettar að þær veita óhefta sýn til hafnar, hafs, ósa og fjalla og mun byggðin einnig lækka að hafi til að skapa sem flestum gott útsýni.

Mikilvægt er að bera virðingu fyrir sögu svæðisins og varðveita karakter þess, staðarandann. Nýtanlegar lykilbyggingar sem nú þegar eru til staðar fá nýtt hlutverk og verða flestar að þjónustukjörnum hverfisins. Núverandi húsalengja á suðurhluta svæðisins verður nýtt sem íbúðarhúsnæði með atvinnuhúsnæði á jarðhæð. Hún mun einnig fá nýtt og ferskt útlit og auka inndregna hæð.

Atvinnuhúsnæði mun aðallega verða staðsett meðfram Sæbrautinni. Byggingarnar munu skerma af vind og hljóðmengum frá umferð. Einsleitt yfirbragð atvinnuhúsnæðis er brotið upp með líflegu útliti og þakgörðum og gróðri verður plantað við þá hlið sem snýr að íbúðarhúsnæði.

Við leggjum til að:

- Opna höfnina -skyrkja menningararf Reykjavíkur sem borg við hafið.
- Skapa tengsl við umhverfið í kring með sjónásum.
- Skapa lifandi byggð með mismunandi húsaagerðum.
- Halda ákveðnum lykilbyggingum og þannig miðla sögu svæðisins.
- Skapa verslunarkjarna/þjónustutorg í og við lykilbyggingar
- Skapa skjólsæla innri garða á vindasamasta hluta svæðisins í norðri.
- Skerma af vind og hljóðmengun frá umferð.
- Staðsetja viðeigandi byggingar við ása ( skóla-, hafnar-, og grænan ás).
- Gera sorpflokkun auðveldu og aðgengilega.





*Horft til austurs frá Súðarvogi*



FJÖLBÝLISHÚS

Bílastæði

Hjólagrindur

Leiksvæði

Bílastæði

Leiksvæði

BRYGGJUKANTUR

Sólbaðsaðstaða



Gelgjutangi





*Gelgjutangi*



PUNKTHÚS

Hjólagrindur

Leiksvæði

Regnbeð

Bílastæði

PUNKTHÚS

Bílastæði

FJÖLBÝLISHÚS

Hjólagrindur

Leiksvæði

HÁUBAKKAR

Bílastæði

PUNKTHÚS


Regnbeð

Virk kantsvæði

Hjólagrindur



Fjölbýli við Háubakka



PUNKTHÚS

Leiksvæði

Bílastæði

Bílastæði

Hjólagrindur

FJÖLBÝLISHÚS

Bílastæði

Leiksvæði

Reiðbeð

GRÆNNAS

Bílastæði


Hjólagrindur

Bílastæði

TORG

LEIKSKÓLI

Hjólagrindur




*Punkthús og leikskóli við Græna ásinn*





*Horft frá torgi inn eftir Græna ásnum*



ATVINNA

Göngu- og hjólabrú

SKÓLAÁS

ÞJÓNUSTUKJARNI

Torg

NÚVERANDI  
BÚGGINGAR

Hjólagrindur

ATVINNA

HÁUBAKKAR

NÚVERANDI  
HÚSALENGJA

Leiksvæði

Bílastæði

Bílastæði




Núverandi húsalengjur uppfærðar



 *Vegakerfi*



 *Stígakerfi*



■ Sjónásar frá aðliggjandi hverfum

Mikilvægt er að styrkja tengingar við byggðina umhverfis svæðið og skapa sterkar, öruggar tengingar á milli mismunandi hluta Vogahverfisins. Sæbrautin er stór hindrun á milli núverandi íbúðahverfis og samkeppnissvæðisins og því viljum við breyta, m.a. með göngubré.

Gangandi og hjólandi umferð er gert hátt undir höfði með því að byggja upp öruggt umferðarkerfi þar sem sérstök áhersla er lögð á liðugt flæði gangandi umferðar og tengingar við nærliggjandi svæði. Lagðar verða vistgötur þar sem gangandi vegfarendur hafa forgang. Þetta er gefið til kynna með eins yfirborði gatna og stíga á ákveðnum svæðum.


Lagðir eru þrír meginásar í gegnum byggðina. Tveir sjónásar sem einnig tengja saman aðliggjandi hverfi. Þeir kallast hér skólaásinn og hafnarásinn. Skólaásinn mun tengja grunn- og menntaskólann, vestan við Sæbrautina, við útivistarsvæðin. og Hafnarásinn veitir greiðan aðgang að smábátahöfninni. Með þessum hætti fást tengsl frá aðliggjandi hverfum, niður að sjó sem vefur saman núverandi og nýja byggð.

Við leggjum til að:

- Byggja göngubré yfir Sæbrautina
- Skapa góða hjóla- og göngustíga sem tengja saman núverandi leiðir og stígakerfi hverfisins.
- Hlykkja vegi til þess að sporna við hraðakstri
- Skapa vistgötur þar sem gangandi vegfarendur hafa forgang.
- Mynda góða tengingu við höfnina, Hafnarásinn.
- Mynda góða tengingu milli skóla og útivistarsvæðis, Skólaásinn.
- Minni áhersla á einkabílinn - Bílgeymslur eru undir húsunum.
- Sjónásar og samhengi.



*Græn svæði og kantar*



■ Grænn ás tengir saman þjónustukjarna



Hið nýja hverfi mun njóta nálægðar við nýtt íþrótt- og útivistarsvæði á Geirsnefi og við Snarfarahöfn. Á Geirsnefi verða íþróttavellir og hlaupabraut umhverfis svæðið ásamt hundagerði á suðurhluta þess. Einnig verður þar gróíð svæði, sem framlenging á Elliðaárdalnum, og litlar lautir þar sem hægt verður að setjast niður á góðviðrisdögum.

Við Snarfarahöfn er möguleiki að byggja hús tengd félagsstarfsemi, s.s. klúbbhús, félagsmiðstöð og íþróttahús sem framhald af skóla- og hafnarásnum. Hér verða einnig möguleikar á matjurtagörðum almennings og skólabarna ásamt svæði þar sem gróður fær að vaxa villt og dýralíf fær að vera í friði fyrir ágangi manna.

Mikilvægt er að skapa sem best skilyrði til útiveru í kringum byggingar með rétttri legu og mótun umhverfis. Hér verða fjölbreytt svæði í kringum mismunandi húsagerðir og grænn ás sem teygir sig frá útivistarsvæðum, í gegnum hverfið og tengir saman lykilbyggingar og göngu- og hjólastíga. Græni ásinn er eingöngu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Við leggjum til að:

- Mynda grænan hjóla- og gönguás í gegnum hverfið sem tengir saman lykilbyggingar og stíga aðliggjandi hverfa
- Gera landfyllingar aðlaðandi m.a. með fjölbreyttu íþrótt- og útivistarsvæði
- Stuðla að lífræðilegri fjölbreytni með svæðum þar sem gróður fær að vaxa villt og fugla- og dýralíf fær að vera í friði fyrir ágangi manna
- Skapa leikvelli fyrir börn
- Skapa aðlaðandi útsýnissvæði
- Mynda skjólgóða suðurgarða við sem flestar íbúðir
- Virkja græn svæði – möguleikar á matjurtargörðum almennings
- Leggja áherslu á sjálfbærar lausnir- t.d. græn þök, regnbeð.





## BLÁ STEFNA

Við leggjum áherslu á svæðin í kringum pyttinn undir Háubökkum og höfnina. Kantsvæðin verða fjölbreytt og skemmtileg með útsýnispöllum yfir grænt svæði, haf, fjöll og Háubakka. Á norðurhluta svæðisins verður bryggjukantur og pallar sem kallast á við bryggju smábátahafnarinnar og Bryggjuhverfið hinum megin við ósinn. Hérna verður sólbaðsaðstaða sem snýr í suður og útsýnispallar á ysta odda svæðisins.

Á móti Háubökkum verður manngerður kantur með útsýnispöllum sem vekur athygli á jarðlögunum og gefur færi á því að komast nær þeim. Þar verður hægt að njóta veðursins og fylgjast með kayakræðurum og fuglalífínu í "pyttinum". Við munum einnig opna haftið milli sjávar og pyttisins neðan við Háubakka. Þannig skapast skemmtilegra svæði við bakkana, enn betri aðstaða til sjóíþróttar og nýr æfingahringur fyrir kayakræðara. Þetta verður lygnt svæði með greiðum aðgangi út á haf og stutt í nýja sundlaug hinum megin við ósinn (sundlaug samkv. rammaskipulagi).

Við leggjum til að:

- Skapa skemmtileg kantsvæði við vatnið
- Opna gamlan árfarveg og hleypa vatni inn í pyttinn
- Vekja athygli á Háubökkum - mynda manngerðan kant á móti bökkunum með útsýnispöllum og göngu-/hjólaleið
- Byggja nýja göngubrú við Hafnarásinn og bíla- og göngubrú þar sem vatni verður nú veitt inn í pyttinn
- Staðsetja regnvatnsrennur og ker með jöfnu millibili sem taka á móti yfirborðsvatni

■ Virk kantsvæði



*Regnvatnsmeðhöndlun*



*Kantsvæði*